

Fimmtudaginn 11. desember 1997.

Nr. 489/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Heiðari Þór Guðmundssyni

(Helgi Sigurðsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 5. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1997, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að varnaraðila yrði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 30. janúar 1998 kl. 16.00, en til vara til sama tíma dags miðvikudaginn 3. janúar 1998.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Eins og greinir í úrskurðinum, var varnaraðili með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1997 sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var hann dæmdur í tveggja ára fangelsi, en inn í þá refsingu voru felldar eftirstöðvar 290 daga refsivistar vegna skilorðsrofa hans. Með dómum Hæstaréttar 3. október 1997 og 7. nóvember sama árs var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vegna grunar um brot það, er hann hefur nú verið sakfelldur fyrir. Samkvæmt þessu er fullnægt skilyrðum 106. gr. laga nr. 19/1991, til að varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, meðan á fresti hans til áfrýjunar stendur, samkvæmt 2. mgr. 151. gr. laganna, svo og meðan mál hans er til meðferðar fyrir Hæstarétti, ef því er að skipta. Verður aðalkrafa ákærvaldsins um gæsluvarðhald yfir kærða því tekin til greina.

Varnaraðili, Heiðar Þór Guðmundsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. janúar 1998 kl. 16.00.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 1997.

Ár 1997, föstudag 5. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Júlíusi B. Georgssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 106. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Heiðari Þór Guðmundssyni, kt. 130758-6499, óstaðsettum í hús, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 30. janúar 1998 kl. 16.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum í dag, var framangreindur Heiðar Þór Guðmundsson dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fram kemur í dóminum, að dómfelldi hafði hlotið reynslulausn á eftirstöðvum refsingar, 290 dögum. Komist var að þeirri niðurstöðu, að með broti sínu hefði dómfelldi rofið skilorð reynslulausnarinnar, og var hún tekin upp og dæmd með í málinu.

Við fyrirtöku gæsluvarðhaldskröfunnar lýsti dómfelldi yfir áfrýjun dómsins.

Dómfelldi hefur sætt óslitið gæsluvarðhaldi frá 5. september sl., í rétta þrjá mánuði, og kemur sá tími til frádráttar refsingunni.

Samkvæmt 106. gr. laga nr. 19/1991 lýkur gæsluvarðhaldi, þegar dómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Eftir kröfu ákæranda getur dómari þó úrskurðað, að gæsluvarðhald skuli haldast, meðan mál er til meðferðar fyrir æðra dómi, ef því er að skipta.

Í niðurstöðum dómsins kemur fram, að afleiðingar háttsemi dómfellda urðu alvarlegar, en jafnframt segir þar, að þær hafi orðið meiri og alvarlegri en búast hefði mátt við. Sýnist dómurinn þá m. a. vera að vísa til aðstæðna á brotavettvangi.

Ljóst er, að dómfelldi hefði ekki hlotið meira en fimmtán mánaða fangelsisdóm fyrir háttsemi sína, ef ekki hefði komið til framangreint rof á reynslulausn.

Dómaframkvæmd bendir til, að þegar refsing fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga hefur ekki verið ákvörðuð þyngri en fimmtán mánuðir, leiði það til þess, að hinir dómfelldu séu ekki látnir sæta gæsluvarðhaldi, þar til máli þeirra er lokið fyrir æðra dómi. Þegar framanritað er virt, telur dómurinn rétt að hafna fram kominni kröfu um gæsluvarðhald.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um, að dómfelldi, Heiðar Þór Guðmundsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi, er hafnað.
